



## Spáum að verðbólga í maí verði áfram undir markmiði

Hagstofan birtir maímælingu vísitölu neysluverðs þriðjudaginn 29. maí. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,1% hækkun vísitölunnar milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar ársverðbólgan úr 2,3% í 2,2%.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,04% milli mánaða í apríl. Þetta var undir væntingum, en opinberar spár lágu á bilinu +0,1% til +0,25%. Við höfðum spáð +0,2%. Þar munar langmest um að reiknuð húsaleiga lækkaði um 0,2%, en verðkönnun okkar sýndi 0,4% hækkun.

### Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- Samkvæmt verðkönnun okkur hefur **bensín og díselolía** hækkað um 3% milli verðkannanavikna.
- Við gerum ráð fyrir nokkurri hækkun á þjónustu **hótela og veitingastaða** þegar nær dregur háannatíma.
- Við gerum ráð fyrir hækkun á **mat og drykkjarvörum**.
- Greinendum hefur gengið óvenju illa að átta sig á **reiknaðri húsaleigu** síðustu mánuði. Við gerum ráð fyrir minniháttar hækkun að þessu sinni.
- Við gerum ráð fyrir að **flugfargjöld til útlanda** lækki um 6% milli mánaða, en seinustu fjögur ár hefur þessi liður lækkað á bilinu 4,8% til 8,5% milli mánaða í maí.

Verð á evru hefur hækkað um 0,5% og verð á Bandaríkjadal um 4,2% milli verðkannana.


### Gerum ráð fyrir 2,5% ársverðbólgu í ágúst

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er:

- Júní: +0,2% milli mánaða, 2,4% ársverðbólga.
- Júlí: +0,1% milli mánaða, 2,5% ársverðbólga.
- Ágúst: +0,3% milli mánaða, 2,6% ársverðbólga.

	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Bensín	3,2%	3,00%	0,10%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,90%	0,05%
Matur og drykkjarv.	11,2%	0,38%	0,04%
Reiknuð húsaleiga	21,2%	0,15%	0,03%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,2%	0,17%	0,02%
Póstur og sími	2,3%	0,96%	0,02%
Ferðir og flutningar - annað	4,0%	0,14%	0,01%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,07%	0,00%
Menntun	0,7%	0,00%	0,00%
Heilsa	4,0%	-0,06%	0,00%
Aðrar vörur og þjónusta	5,8%	-0,08%	0,00%
Tómst. og menning	9,8%	-0,11%	-0,01%
Kaup ökutækja	8,4%	-0,13%	-0,01%
Föt og skór	3,6%	-0,35%	-0,01%
Húsgögn og heimilisb.	3,9%	-0,45%	-0,02%
Flugfargjöld til útlanda	1,3%	-6,00%	-0,08%
Alls	100,0%		0,13%


### Niðurbrot á spá Hagfræðideildar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans




### Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands,

### Framlag undirliða




Heimild: Hagstofa Íslands

### Verðbólguþáttur




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

### Mánaðarbreyting VNV í maí




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

### Reiknuð húsaleiga



Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, tafin um einn mánuð. Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá

### Flugfargjöld til útlanda



Mái til ágúst 2018 er spá Hagfræðideildar  
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.